

FÉLAGSÞJÓNUSTA
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella - s. 487-8125

Hella, 4.06.2018

Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál

Umsögn félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu vill koma því á framfæri að vinnsla barnaverndarmála er í eðli sínu frábrugðin annarri vinnslu persónuupplýsinga um málefni einstaklinga.

Skv. 22gr. barnaverndarlaga kemur fram:

„Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.“

Í 44gr. barnaverndarlaga er tiltekinn upplýsingaskylda gagnavart barnaverndarnefnd og er upptalinn víðtækur listi um persónuupplýsingar og viðkvæmar persónuupplýsingar sem aðilum ber að láta barnavernd í té óski hún þess.

Félagsþjónusta Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu vill því sérstaklega benda á nauðsyn þess að fundar verði leiðir til að samræma ný persónuverndarlög og barnaverndarlög og að ný persónuverndarlög verði vinnslu barnaverndarmála ekki til trafala.

f.h félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu
Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi MA
Starfandi félagsmálastjóri.